# Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Fundarherbergi ÍSÍ - 6.12.2016 kl. 16:30

**Mætt:**
Einar Gunnlaugsson (EG), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Þórður Bragason (ÞB), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Ragnar Róbertsson (RR), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

**Fjarverandi:**
Ari Jóhannsson (AJ), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR)

ÞA ritaði fundargerð.

---

1. **Úrskurður vegna Bíladaga 2016**
   AKÍS fagnar úrskurði Aga- og úrskurðarnefndar um agabrot á Bíladögum á Akureyri 2016.
   Í fyrirhuguðum reglum um Dómstóla AKÍS þarf skýrar heimildir dómnefnda til að bregðast við agabrotum sem eiga sér stað í aðdraganda eða eftir keppni.
   Sjá úrskurð hér.

2. **Keppnisdagatal 2017**
   Farið yfir atriði sem voru útistandandi á formannafundi:
   - Keppnisfyrirkomulag á Bíladögum 2017. Ekki er hægt að ákveða endanlegar dagsetningar fyrr en svar kemur varðandi NEZ keppni í torfæru.
   - Erindi Start á Egilsstöðum vegna torfærukeppni sem hefð er fyrir að halda um mánaðarmótin júní/júlí en var færð viku síðar
     Færslan var gerð vegna fyrirhugaðrar rallkeppni sem yrði hluti Hamingjudaga í Hólmavík 2017.
     Samþykkt að halda þeim dagsetningum sem samþykktar voru á formannafundi AKÍS.
   - Samþykkt að færa Jepparall til 17. september 2017 .

3. **Women in Motorsport**
   Svæði á vef AKÍS fyrir konur í akstursíþróttum hefur verið opnað og aðgengilegt frá forsíðu.

4. **Erindi frá Braga Þórðarsyni vegna myndatöku 2017**
   Samþykkt.

5. **Lykilstarfsmenn keppna - menntun og aðgengi**
   Nauðsynlegt er að AKÍS hafi lista yfir hæft starfsfólk til að starfa í lykilstörfum í keppnum. Þórði Bragasyni falið í samvinnu við framkvæmdastjóra að senda erindi á keppnisráð og óska eftir tillögum frá þeim til að setja upp áætlun um námskeiðahald og efnistök þeirra.

6. **Akstursíþróttamaður ársins - myndataka**
   Hugmynd er að bjóða fyrrverandi akstursíþróttamönnum og konum ársins um leið og nýir jafnstórir bikarar verða afhentir. Stefnt að því að halda þetta í byrjun árs 2017.

7. **Aðalfundur FIA**
   Formaður sagði stuttlega frá aðalfundi FIA sem haldinn var i síðustu viku.

8. **Önnur mál**
   a. Reglugerð um akstursíþróttir: Vinna þyrfti að vera lögð í það að athuga með breytingar á núverandi reglugerð um akstursíþróttir.
      Þar má helst nefna kafla um tryggingar og einnig aldursmörk í akstursíþróttum.
      Að svo stöddu mun ekki sett formleg vinna af stað, en stefnt að því að það gerist strax á nýju ári.